

heimili & hönnun

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI]

nóvember 2011

Paradís á jörðu

Hundrað ára gamalt fjós í Njarðvíkum hefur fengið gagngera andlitslyftingu.

SÍÐA 8



Skreytir í beinni útsendingu

Soffía Dögg Garðarsdóttir heldur úti skemmtilegri bloggsíðu um skreytingar.

SÍÐA 2



MÓDERN
Hilfandi 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is



ELTIST EKKI VIÐ VÖRUMERKI

Lilja Katrín Gunnarsdóttir hefur hreiðrað um sig ásamt fjölskyldunni í notalegri íbúð í Árbænum.

BLS. 6

Ryksugu vélmenni

Verð frá 64.990



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

NÝTT UNDIR SÓLINNI

● **HÖNNUNARTEYMIÐ** Hár úr hala, sem er samstarfsverkefni Ólafs Þórs Erlendssonar húsgagna- og innanhússarkitekts og Sylvíu Kristjánsdóttur, grafíks hönnuðar, setti á markað snagarekka úr áli fyrr á árinu sem heita Hani, krummi, hundur, svín og Hestur, mús, tittlingur. Nú fást þeir stakir og í lit. Litirnir eru grænn, rauður, svartur og hvítur.



● **HITAPLATTARNIR** Torfbærinn eftir hönnunarteymið Stáss eru komnir í verslanir, en Stáss hlaut Skúlaverðlaunin í ár fyrir hönnunina. Verðlaunin eru veitt fyrir besta nýja hlutinn meðal þátttakenda. Tæplega fimmtíu tillögur bárust að þessu sinni frá 30 aðilum.

● **GULLSMÍÐURINN** Erling Jóhannesson setti á markað servíettuhringi með jólatré í fyrra, en nýjasta afurð hans er jólatréslaga kertastjaki í stíl.



● **PIPARKÖKUBLANDA** frá Jónsdóttir & Co kemur í gamaldags taupoka með áletruninni „ilmur & bragð jólanna“. Að aftan eru nákvæmar leiðbeiningar um það hvernig á að bera sig að við baksturinn. Pokanum er lokað með silkislaufu og fylgir piparkökumót með.

Hlutirnir fást í viði, meðal annars í Epal.



● **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson tók mynd á heimili Lilju Katrínar Gunnarsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ivar Örn Hansen s. 512 5429 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.

Bloggar um skreytingar

● Blómaskreytirinn Soffía Dögg Garðarsdóttir heldur úti forvitnilegri bloggsíðu þar sem hún skrifar um skreytingar á eigin heimili meðal annars og gefur góð ráð. Hún ætlar að skreyta heimili sitt í beinni útsendingu á bloggsíðunni þessa adventuna.

Soffía Dögg Garðarsdóttir hefur vakið mikla athygli fyrir skemmtilega bloggsíðu sem hún heldur úti, en þangað inn fær hún mörg hundruð heimsóknir á dag. Þar setur hún inn myndir af ýmsum skreytingum sem hún sjálf hefur útfært í eigin hóbýlum auk þess sem hún veitir góð ráð um allt mögulegt er tengist heimilinu. Soffía er blómaskreytir að mennt en starfar í dag hjá Actavis. Skreytingarnar segir hún þó aldrei hætta að vera hennar líf og yndi. Adventukrans Soffíu í ár er blanda af grófum og fínlegum efnivið, sem er hennar stíll að eigin sögn.

„Kransinn er bathringur, vafinn inn í mosa, sem ég geymi milli ára og skreyti á nýjan hátt fyrir hverja adventu. Nú í ár er ég með stóra vírstjörnu í miðju kransins, sem yfirleitt er notuð til að hengja upp í gluggum, en hana tók ég í sundur og fyllti með könglum, litlum kúlum og þremur litlum stjörnum og lokaði henni aftur,“ segir Soffía. „Að lokum stráði ég síðan gervisnjó og glimmer yfir og stakk litlum þrjónum með litlum gervidemöntum inn á milli.“

Soffía segist ekki vera hrifin af grenikrönsum, vilja hafa þá grófari og mosinn eigi því vel upp á pallborðið hjá henni. Fínlegt skrautið sé síðan gott á móti. Könglum er stráð víðar en inn í stjörnunna, sem Soffía segir vera algert lykilatriði fyrir vel heppnaðar jólaskreytingar.

„Jú, ég mun skreyta í beinni útsendingu þetta árið á bloggsíðunni minni. Skrautið er í stíl við kransinn, ljóst og létt og könglar. Ég er nú þegar byrjuð og mun halda áfram alla adventuna. Mér finnst þetta temmilegt og ekki yfirdrifið en ég veit ekki hvort það er svo að allra mati,“ segir Soffía og hlær.

Slóðin á síðuna hennar Soffíu



Soffía Dögg Garðarsdóttir segir skreytingar og allt er viðkemur heimilinu vera líf sitt og yndi. Kransinn hennar er í grunninn mosi, skreyttur með vírstjörnu sem er fyllt af könglum, jólakúlum og fleiru. Yfir allt er glimmeri og gervisnjó stráð. FRETTLABLADID/GVA

er dossag.blogspot.com og ber yfirskriftina „Skreytum hús“. Á Facebook er líka síða sem Soffía heldur úti og ber sama nafn. „Það er ánægjulegt að sjá fleiri og fleiri lesendur bætast í hópinn.“ -jma

LEGO-kubbar undir endurvinnsluna

Leco er heiti geymsluboxa eftir tvo unga ítalska hönnuði, Gianfranco Di Costanzo og Daniel Facchetti, sem hanna undir merkinu Flussocreativo. Boxin eru staflanleg á skemmtilegan máta og byggð upp á sama kerfi og gömlu góðu LEGO-kubbarnir enda vísar nafn boxanna í uppruna hugmyndarinnar. Boxin eru einnig úr plasti eins og kubbarnir, litrík og minna á leik bernskuáranna.

Boxin eru ætluð fyrir sorp í endurvinnslu og hönnuðu þeir félagar tvær stærðir í fjórum litum. Litirnir eiga að standa fyrir það sem flokkað er, til dæmis hvítt box undir pappír, gult fyrir plast, blátt box undir málm og grænt undir gler.

Sjá nánar á vefsíðunni, www.flussocreativo.it.



Leco-boxin sækja form sitt og liti til LEGO-kubba.

MYND/FLUSSOCREATIVO

sögur
 uppskriftir
 leikir
 gjafir
 o.fl. o.fl.

VÍSIR

ROLF BENZ



Þjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.



MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opíð alla virka daga frá 11-18 og laugardaga 11-16.

FASTUS

15% afsláttur til föstudags

Pottar og pönnur í miklu úrvali

Fjölbreytt úrval af pottum og pönnum fyrir allar gerðir eldavéla. Allt að 50 lítra pottar. Góð gæði og frábært verð.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Magnaða moppuskafðið

Dagar skúringafötunnar eru taldir

Alltaf tilbúið til notkunar
Gólfín þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt

Ræstivörur

SÖLUADILAR:
Húsasmiðjan - Pottar og prik Akureyri - Fjarðarkaup - Áfangar Keflavík - Eyjatölvur
Miðstöðin Vestmannaeyjum - Skipavík Stykkishólmi - SR byggingavörur Siglufirði
Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakki Neskaupsstað - Vélaleiga Húsavíkur - Óskaprif Hólmavík

Ræstivörur ehf - Sími 567 4142 - www.raestivorur.is

við prentum

BÆKLINGA

- Bækur
- Tímarit
- Fyrir skrifstofuna
- Bæklingar
- Kynningarefni
- Fjölþóstur
- Dagblöð
- Stafræn prentun
- Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Listaverk á fæti

● Ísraelski skóhönnuðurinn Kobi Levi hefur hugmyndaflugði í lagi. Hann hannar skó undir merkjum Kobi Levi Footwear og starfar í borginni Tel Aviv. Hann segist líta á skóhönnunina sem listform á við höggmyndalist. Enda taka skórnir á sig hinar ýmsu myndir. Hann nýtir sem fyrirmyndir allt frá dýrum og ávöxtum til barnaleiktækja.

- 1. Banani** Skór og bananahýði hafa yfirleitt tengst einhvers konar óhappi.
- 2. Kisa** Hugmyndin að þessum skóm fékk hönnuðurinn þegar hann fylgdist með ketti teygja úr sér.
- 3. Túkani** Fuglinn túkani varð fyrirmyndin að þessum stórskemmtilegu skóm.
- 4. Svanur** Nokkrir fuglar hafa orðið Levi hugleiknir og hefur hann notað nokkra þeirra í hönnu sinni. Í þessu tilviki hefur álfín orðið honum innblástur.
- 5. Fíllinn** Levi hafði þessar þungu og glæsilegu skepnur til hliðsjónar þegar hann hannaði þessa faguðu skó. Raninn er hællinn en eyrun ná upp á rist þess sem skóna ber.
- 6. Rennibraut** Hönnuðurinn fékk hugmyndina þegar hann hlustaði á viðskiptavini kvarta yfir því að renna alltaf fram í hælaskóm.
- 7. Teygjubysa** Levi breytti hugmyndinni um ilsko í hælaskó. Hællinn á þessum er teygjubysa.
- 8. Hundur** Eyrur eru hælarnir og munnurinn á hundinum er gat fyrir tærnar.

textilhönnun

● **ATHYGLISVERÐ LISTAKONA**
Serbneska listakonan Draga Obradovi, sem er útskrifuð frá listaskólanum Accademia di Belle Arti í Flórens, þykir fara á kostum í textilhönnun sinni, sem hefur meðal annars verið sögð nýstárleg og spennandi. Meðfylgjandi mynd er ágætur vitnisburður um frumlega textilhönnun Drögu, þar sem antíksófi hefur verið klæddur með skemmtilegu áklæði úr hennar smíðu.

LAUGARDAGSTILBOÐ

Óhreinindavarið
áklæði
2 litir í boði

**gildir
aðeins
í dag**

Eterna sófi 230 cm kr. 192.300 / **laugardagstilboð kr. 153.800**
Eterna sófi 173 cm kr. 159.900 / **laugardagstilboð kr. 127.900**



Simone 3ja sæta kr. 199.800 / 2ja sæta kr. 171.400



Samba púðar kr. 5.200



Angel púðar kr. 6.200



Hera 3ja sæta kr. 218.900 / 2.5 sæta kr. 193.800



Manchebo 3ja sæta kr. 226.800



Wildlife teppi



Kertaluktur



Avignon 3ja sæta leðursófi kr. 274.400



Birmingham 3ja sæta kr. 247.800



Kertaluktur



Revir stóll - kr. 147.000



Avignon 3ja sæta kr. 211.600 / 2.5 sæta kr. 178.000



Gyro stóll - Hönnun: Jan Ekström
kr. 198.800



Flinga tímaritahillur
160 cm kr. 16.990
80 cm kr. 9.980



Milton - Kúruleppi 130x1470
Hlý og notaleg jólagjöf
kr. 9.980



Cooper armstóll á snúningsfæti
kr. 152.200
Litir: svart - brúnt - hvítt

LÍNAN

Bæjarlind 16 - 201 Kópavogur - Sími 553 7100 - www.linan.is - Opið mán til fös 12 - 18 Laug 11 - 16



Gömlu tekkgræjurnar kom tengdafaðir Lilju einn daginn með á pallbíl frá Sauðárkróki. Hann ætlaði að fara með þær í Góða hirðinn en Lilja fékk að kippa þeim inn í stofu. Plötuspilarinn er bilaður en útvarpið virkar.



Ljúffengar bollakökur á bleikum diskum taka sig vel út á borðinu.



Fyrsta jólastkrautið komið upp. Vængina keypti Lilja Katrín í Tiger og hengdi á svefnherbergishurðina.

Ögmundur ísbrjótur

● Lilja Katrín Gunnarsdóttir, ritstjóri Séd og heyrnt, býr ásamt Hjalta Rúnari Sigurðssyni og Amelíu Björt í Árbænum. Hún segir þau heimakær og eiga oft notalegar stundir í sófanum.

„Við erum voða heimakær og förum sem minnst út úr húsi,“ segir Lilja Katrín Gunnarsdóttir, ritstjóri Séd og heyrnt, í gamansömum tón þegar Fréttablaðið fær að kíkja til hennar í innlit. Hún lýsir stílnum á heimilinu sem „úti um allt“ og segist ekki eltast við vörumerki.

„Ég hef engan ákveðinn stíl. Mér finnst gaman að blanda saman gömlu og nýju og safna að mér alls konar dóti. Við Hjalta erum líka bæði uppfull af hugmyndum, en hann smíðaði til dæmis sófaborðið okkar úr vörubretti. Ég er líka mikið fyrir að gera kjarakaup og finna ódýra hluti en vinir mínir stríða mér oft á því,“ segir hún hlæjandi. „Eldhússtólarnir eru til dæmis úr Rúmfatalagernum. Ég tók mig svo til og lakkaði þá alla í mismunandi litum eina vikuna,“ segir Lilja.

Gamalt útvarp úr tekki á fótum fangar augað en ofan á því standa smáhlutir, meðal annars bollar sem Lilja fékk á markaði í Kaupmannahöfn. Útvarpið virkar og fær að hljóma á tyllidögum. „Tengdapabbi minn kom með það á pallbílnum sínum frá Sauðárkróki. Hann ætlaði með það á Sorpu en við björguðum því,“ segir Lilja. „Það er mikil stemning að hlusta á Gullbylgjuna í því.“

Á vegg hangir árituð mynd af innanríkisráðherra og Lilja Katrín skellir upp úr þegar hún er krafín frekari skýringa á henni. „Ég fékk hana í afmælisgjöf frá Tobbu Marínós og Karli Sigurðssyni. Þegar ég vann sem blaðamaður á DV þurfti ég oft að hringja í Ögmund vegna fréttu. Hann var alltaf svo liðlegur að ég var orðin hálf skotin í honum. Allt þó á platónskum nótum,“ segir hún hlæjandi og bætir við að myndin sé góður ísbrjótur í samvæmum. „Það hafa allir sterkar skoðanir á honum.“

Þegar Lilja Katrín er spurð um uppáhaldshúsgagnið á heimilinu nefnir hún alls ekki húsgagn. „Amelía Björt er uppáhaldið á heimilinu. Ég gæti alveg búið í pappakassa þess vegna ef ég hefði hana.“

-rat



Lilja Katrín Gunnarsdóttir, ritstjóri Séd og heyrnt, á góðri stund í sófanum með dóttur sinni Amelíu Björt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Amelía Björt er hestánægð með eldhússtólana, en mamma hennar eyddi nokkrum kvöldum í að lakka þá í hressandi litum.



Árituð mynd af Ögmundi Jónasyni innanríkisráðherra hangir uppi á heiðursstað. Lilja Katrín segir hana ágætis ísbrjót í samvæmum.



Litla froskinn fékk Amelía Björt í jólagjöf frá vinkonu Lilju. Hann var trektur ótal sinnum upp á aðfangadagskvöld þar til hann bilaði. Þá fór hann á hilluna. Bláu matrúskuna keypti Lilja í Moskvu.



Hvítmáluð hirsli. Lilja Katrín hefur gaman af að blanda saman gömlu og nýju og safnar að sér alls konar húsgögnum.



Tarkett viðarparket

Verðdæmi:
Eik 3ja stafa kr. 4.290 m²



ÁLFABORG

Skútuvoði 6 - Sími 568 6755

Írabakki 22
109 Reykjavík
Falleg 4ra herb íbúð á 1. hæð

Stærð: 108 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1971
Fasteignamat: 17.300.000

RE/MAX Senter

Vernharð Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

Sunnud. 27.nóv 16.00 til 16.30 Verð: 17.900.000

Íbúðin skiptist í flísalagt forstofuhól, flísalagt eldhús með góðri innréttingu, parketlagða stofu með útgengi á svalir, flísalagt þvottahús, flísalagt baðherbergi með sturtuklefa, þrjú svefnherbergi og 7,6 fm sérgæmslu í kjallara.

Öll helsta þjónusta er í næsta nágrenni, þar með talið skóli, leikskóli og Mjóddin verslunarmiðstöð.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Mosprýði 5
210 Garðabær
Vandað og fjölskylduvænt parhús

Stærð: 229,9 fm
Fjöldi herbergja: 5-6
Byggingarár: 2010
Fasteignamat: 21.120.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

Sunnudag kl. 14.30-15.00 Verð: 46.000.000

RE/MAX Senter og Þóra kynna glæsilegt og vandað hús í hrauninu í Garðabæ. Húsið er staðsteypt og skiptist í opið eldhús, stofu, sjónvarpshól, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stóran bílskúr auk geymslu og þvottahúss. Gert er ráð fyrir pöllum og lagnir komnar fyrir heitan pott. Húsið er þússað að utan, glerjað og hurðir komnar í. Nánast tilbúið til innréttingar að innan sjá nánar í lýsingu á www.remax.is

Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Álfhólsvegur 119..
200 Kópavogur
3ja herb m/bílskúr á neðri hæð

Stærð: 118,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1969
Fasteignamat: 19.550.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Vernharð Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

Sunnud. 27. nóv frá 15.00 til 15.30 Verð: 21.900.000

Íbúðin er telur tvö svefnherbergi, stofu með útgengi á svalir, eldhús, þvottahús og búr, sjónvarpshól, baðherbergi sem var nýlega endurnýjað, forstofu með fatahengi, sérgæmslu í kjallara og bílskúr með rafmagni. Nýleg gólfefni eru á flestum gólfplötum og innréttingar eru vel meðfarnar. Húsið var klætt á tveimur hliðum en barnnast viðgerðar/klæðningar á norður- og vesturhlíð. Seljandi er tilbúinn til að taka tillit til kostnaðar íbúðarinnar vegna framkvæmdanna.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Grænahlíð 16
105 Reykjavík
Falleg íbúð í hlífðunum

Stærð: 109,3 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1957
Fasteignamat: 22.750.000

RE/MAX Senter

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

Sunnudaginn kl. 16.00-16.30 Verð: 29.900.000

RE/MAX Senter kynnr fallega íbúð á efstu hæð í fjórþýlishúsi. Íbúðin skiptist í anddryg/hól, eldhús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, borðstofu og stofu. Í kjallara sameignar er lítil sérgæmsla og sameiginlegt þvottahú. Stígagangur hefur nýlega verið tekinn í gegn, málaður og teppalagður. Á stígapalli fyrir framan íbúðina er skóskápur og fatahengi. Forstofa/hól með góðum fataskápum. Eldhús með víðar innréttingu, rúmgóðu borðkrók og tengi fyrir uppþvottavél. Stofur eru samliggjandi og mjög rúmgóðar. Úr stofu er gengið út á svalir sem snúa í suður, fyrir aftan húsið er opið grænt svæði. Baðherbergi flísalagt með baðkari, hvítri innréttingu og tengi fyrir þvottavél. Hjónaherbergi er rúmgott með opnum skápum. Herbergin eru tvö. Gólfefni íbúðarinnar eru parket nema á eldhúsi eru flisar og barnaherbergjum er plast-parket. Innihúðir eru málaðar hvítar. Húsið er í góðu ástandi, þak nýlegt og rennur.

Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is eða Ástþór Reynir í s. 414-4700.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Brávallagata 4
101 Reykjavík
4ra herb risíbúð

Stærð: 82 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1938
Fasteignamat: 18.700.000

RE/MAX Senter

Hermann Hauks
Sölufulltrúi
861-6464
hermann@remax.is

Vernharð Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

Sunnud. 27. nóv frá 18.00 til 18.30 Verð: 23.900.000

Íbúðin skiptist í parketlagða stofu, flísalagt eldhús með snyrtilegri hvítri innréttingu, tengi fyrir þvottavél. Flísalagt baðherbergi með hombaðkari og upphengt klósett, svefnherbergin eru þrjú og eru tvö af þeim parketlögð og eitt með dúk, í dag er eitt herbergjanna notað sem borðstofa. Útgengt er á svalir úr stofu. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á eignini og verður skýrsla um úttekt eignarinnar við sýningu.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Nýr og **byltingarkenndur** fasteignavefur

- ▶ **Byltingarkennd leitarvél. Notaðu google map.**
- ▶ **Gríðarlega öflug leitarvél fyrir kaupendur og leigjendur.**
- ▶ **Fjölbreyttari, einfaldari hraðari, nákvæmari og skemmtilegri fasteignaleit.**



www.RE/MAX®.is



Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, júlí-sept. 2011.

Allt sem þú þarft...



Kort af Sviss er á meðal þess sem listamenn Les Allumeurs d'Images hafa leikið sér með.



Starfsmenn Les Allumeurs d'Images varpa litríkum myndum á þinghúsið í Bern í Sviss, gestum og gangandi til ómældrar gleði.

NORDICPHOTOS/AFP

Listræn ljósadýrð

● Allumeurs d'Images hefur getið sér gott orð fyrir vandaðar ljósaýningar. Undanfarið hafa starfsmenn þess leikið listir sínar í Sviss við fögnuð viðstaddra.



Trúðurinn Grock nýtur mikilla vinsælda í Sviss og hefur öðlast sérstakan heiðursess á sýningunni.

Öðruvísi húsgagnalína

● **ILMANDI KAFFIBORÐ** Breska fyrirtækið Re-Worked endurnýtir sorp til húsgagnagerðar. Nýjasta línan frá fyrirtækinu nefnist Çurface og er húsgagnalína sem unnin er úr endurunnum kaffikorgi og polýester. Í línunni eru stólar og sófaborð og fullyrðir fyrirtækið í kynningum að húsgögnin ilmi af kaffi fyrstu vikurnar. Sannarlega draumur hvers alvöru kaffifíkils.



FRÉTTIR VÍDSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísi.

visir



www.baddydesign.com

VERTU MEÐ, KAUGHTU

NEEF

**HÉR FÆRÐU
RAUÐU NEFIN:
HAGKAUP,
BÓNUS, MP
BANKI, TE OG
KAFFI, SKÁTAR
UM ALLT LAND**

SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI!

Horfðu á þáttinn **9. desember** í opinni dagskrá á Stöð 2.

www.unicef.is

unicef 



Við upphaf framkvæmdanna í fjósinu. „Við fylltum tíu gáma af drasli áður en við gátum byrjað,“ segir Hulda. Allir veggir voru síðan múraðir upp á nýtt til að gera þá grófari og „sveitalegrí“.

Símastaurarnir í garðinum áttu upphaflega að vera innanhúss. Inngangurinn skartar stiga sem er eitt tonn að þyngd. Baðherbergið er glæsilegt. Margar bestu hugmyndir hönnuðanna fæðast í heita pottinum.

Fjósið í Koti í glænýju hlutverki

● Hundrað ára gamalt fjós í Njarðvíkum hefur fengið gagngera andlitslyftingu og hýsir í dag bæði heimili og vinnustofu Huldu og Krumma, sem standa á bak við hönnunarfyrirtækið Raven Design. Í húsinu er áhersla lögð á gamlar innréttingar, grófmúraða veggi og glænýjar gólfplísarnar voru brotnar.

„Fjósið í Koti keyptum við árið 2004, gerðum upp sem heimili og vinnustofu og fluttum inn 2006. Í dag er Fjósið í Koti, áfast þriggja hæða húsi sem kallast Höskuldarkot,“ segir Hulda Sveinsdóttir, sem ásamt manni sínum Hrafni Jónssyni á og rekur hönnunarfyrirtækið Raven Design.

„Þetta er rúmlega hundrað ára gamalt fjós sem var við hliðina á bóndabæ sem hét Höskuldarkot en var seinna rifinn og annað hús byggt í staðinn sem einnig fékk sama nafn. Seinna var síðan byggt yfir bilið sem var milli fjóss og hússins. Í dag er það baðherbergi og þvottahúsið okkar,“ útskýrir Hulda.

„Upphaflega ætluðum við ekki að búa hér heldur breyta húsnæði fyrir markað en mannum mínum datt þetta í hug. „Við kaupum fjósið og búum í því,“ sagði hann upp úr þurru. Í fyrstu hélt ég að hann hefði ruglast tímabundið, það gæti enginn búið í fjósinu. Ég sá bara allt draslið, enda fylltum við tíu gáma af drasli áður en hægt var að byrja á breytingum. Það voru vinnuvélar hérna inni, þykktarhefill og fleira sem hafði komið sér vel fyrir þá sem áttu fjósið



Hulda Sveinsdóttir og Hrafn Jónsson hanna meðal annars jólaóróa undir nafni Raven Design.

áður. Allt sem hægt var að nýta að einhverju leyti nýttum við. Til dæmis notum við gogg sem notaður var til að gogga fisk upp úr fiskikörum sem pappírshaldara.“

Hulda segir ekki hafa komið til greina að skella einhverju nýmóðins dóti inn í þetta gamla hús. „Hurðirnar eru til dæmis úr húsi Guðjóns Samúelssonar arkitekts



Sólstofan er þar sem dyr fjóssins voru áður og eldhúsinréttingin er tveir gamlir apótekaraskenkar.

og allar yfir 100 ára gamlar. Tveir apótekaraskenkar, yfir 100 ára gamlir, eru nýttir sem eldhúsinrétting, rúmgafli sem spegill, gluggakistur eru úr íslensku lerki að austan og svo framvegis. Við brutum glænýjar flísar til að gera gólfið eldra útlits, létum meira að segja múra veggina upp á nýtt svo áferðin yrði grófari.

Huldu og Hrafni líður vel í fjósinu og hún segir góða strauma umlykja þau og ekki spili útisvæðið ánægjunni. „Hér er grillað allt árið um kring enda yfirbyggð verönd allt í kringum húsið. Við förum líka í heita pottinn kvölds og morgna og þær eru margar hugmyndirnar sem kvikna í pottinum,“ segir Hulda.

-fsb

STURTUHAUSAR Í ÚRVALI



EMOTION sturtuhaus kringlóttur 10 cm verð kr. 3.990.-



SPRING sturtuhaus kringlóttur 20 cm verð kr. 9.450.-



ESPRITE CARRÉ ferkantaður 20 cm verð kr. 12.400.-



Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI

HJÓNAABANDSSÆLA

Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni

eftir Michele Riml

„Laddi fannst mér algjörlega frábær í sínu hlutverki og ég væri til í að sjá hann í fleiri „mannlegum“ hlutverkum. Ef Woddy Allen gerði mynd á Íslandi myndi hann eflaust ráða Ladda í hlutverk.“

„Edda Björgvins var í flottu formi og skemmtileg að vanda. Karakterinn Lísá á sér samhljóm hjá ótal konum“

- Margrét Gústavsdóttir dv.is

Síðustu
sýningar
fyrir jól

GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS

Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is

Lau 26. nóv 20:00 - Örfá sæti laus	Fös 09. des 20:00
Sun 27. nóv 20:00	Lau 10. des 20:00
Fim 01. des 20:00	Sun 11. des 20:00
Fös 02. des 20:00 - Örfá sæti laus	

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opð Mán - Mið 14:00-18:00 Fim - Sun 14:00-20:00)

heimili & hönnun

HEIMA VIÐ

VÖRUHÖNNUÐURINN
BJÖRG SOFIE

Juto er fagurkeri af Guðs náð. Hún veit alveg hvernig á að fanga gleði jóllanna í undurfögurum pappírsstjörnum sem hún hefur nú fyrir heilög jól.



Eftirlætishúsgagnið mitt á heimilinu er:

Ég á mér marga uppáhaldshluti en er hins vegar alltaf hrifin af því sem ég er að gera þá stundina og get því ekki annað en minnst á pappírstjörnurnar sem ég er með í sölu um þessar mundir. Þær eru hver annarri fallegri.

Í augnablikinu langar mig í: Bakaraofn. Svo dreymir mig um eitt af undurfögurum dýraljósunum frá Myconceptstore.



Stofan mín væri ekki eins án:


Rauða stólsins sem stendur í miðri stofunni. Hann er svo fallega snjáður og dásamlegur á litinn.

Næsta framkvæmd á heimilinu

verður: Veggfóður í barnaherbergin. Svo á líka eftir að leggja lokahönd á eldhúsið.

Uppi á vegg

hangir: Yndislegt veggteppi sem amma mín og nafna saumaði út og gaf mér í tannfé.



HM Í HANDBOLTA

HEFST 2. DESEMBER Á STÖÐ 2 SPORT

ÁFRAM ÍSLAND!

Fylgstu með í Brasilíu

Íslensku landsliði hefur enn á ný tekist það ótrúlega. Nú keppa Stelpurnar okkar í fyrsta skipti á HM og við fylgjumst með ævintýrinu beint frá Brasilíu. Sjáðu alla leiki íslenska liðsins í beinni á Stöð 2 Sport.

ALLIR LEIKIR ÍSLANDS SÝNDIR!

02. des.	Opnunarleikur mótsins
03. des.	Ísland – Svartfjallaland
04. des.	Ísland – Angóla
06. des.	Ísland – Noregur
07. des.	Ísland – Þýskaland (í opinni dagskrá)
09. des.	Ísland – Kína
11. des.	16. liða úrslit (1 leikur í opinni dagskrá)*
12. des.	Forsetabikar (1 leikur í opinni dagskrá)*
14. des.	8. liða úrslit
16. des.	Undanúrslit
18. des.	Úrslitaleikurinn (í opinni dagskrá)

*Ef Ísland er að spila

VILDARÁSKRIFT AD STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

SPORT SPORT SPORT SPORT SPORT

512 5100 | STOD2.IS | VERLANIR VODAFONE | VERLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

BYLGJAN 25
ÁRÁ
989